

Mál nr. 11
Haukar
gegn
Þrótti

Kæra Hauka

Dómkröfur

Að kærða/Þrótti verður dæmdur ofangreindur leikur tapaður og til vara að leikurinn verði leikinn að nýju.

Málavextir

Fyrir leik og í leikhléi gerði þjálfari Hauka – Salih Heimir Porca – athugasemdir við dómara leiksins um að ekki gengi að hafa "börn" sem aðstoðardómara. Það var augljóst að aðstoðardómarar á þessum leik höfðu ekki náð lágmarksaldri til að gegna starfi aðstoðardómara.

Dómari leiksins svaraði því þá til að það væri ekki hans hlutverk að sjá um aðstoðardómara heldur væri það hlutverk heimaliðsins. Það kom síðan í ljós eftir leik að aðstoðardómarar á leiknum voru tveir drengir, 14 og 15 ára gamlir og auðvitað án nokkurra réttinda.

Það var einnig gerð athugasemd um þetta við aðstoðarþjálfara Þróttar, Þorleif Óskarsson, og vísaði hann til þess að þetta væri mál félagsins, hann væri aðeins starfsmaður og dómaramál væru ekki á hans könnu.

Tilvísanir

I. Vísað er til reglugerðar KSÍ um knattspyrnudómara, 8. gr. en þar segir:

Aðstoðardómarar í öllum deildarleikjum og bikarkeppnum KSÍ, í landsmótum 1. 2. og 3. flokks, úrslitaleikjum 1. 2. 3. og 4. flokks og leikjum við erlend lið skulu undantekningalaust hafa dómaraaréttindi.

II. Vísað er til reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, grein 3.5., Dómgæsla, liður 3 um aðstoðardómara en þar segir: Heimalið skal vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum: 3. deild karla (riðlakeppni) og 1. deild kvenna (riðlakeppni).

Röksemdir

Það er ekki lýðandi að 1. deild kvenna í knattspyrnu sé sýnd óvirðing af því tagi sem hér að framan er lýst. Það að setja 14 og 15 ára drengi sem aðstoðardómara þegar skýrt er kveðið á um það í reglum KSÍ að krafa sé um héraðsdómara sem aðstoðardómara. Þetta hafði mikil áhrif á leikinn þar sem þessir ungu drengir – heimamenn – gátu ekki valdið hlutverki sínu í starfi aðstoðardómara.

Gögn

Vísað er til leikskýrslu – afrits hennar sem fylgir með hjálagt ásamt annarra gagna sem vísað er til að framan.

Vitni

Dómari leiksins, Skúli Þór Sveinsson; aðstoðarþjálfari Þróttar, Þorleifur Óskarsson; þjálfari Hauka, Salih Heimir Porca; forráðamaður Hauka, Valborg Kjærbech Óskarsdóttir og fleiri ef þess er óskað.

F.h. knattspyrnudeildar Hauka
Formaður meistaraflokks Hauka
Valborg Kjærbech Óskarsdóttir

Greinargerð Þróttar

Málsatvik: Knattspyrnudeild Hauka hefur lagt fram kæru vegna aðstoðardómara í leik Þróttar og Hauka í 1. deild kvenna A þann 1. ágúst sl. Haukar byggja kæru sína á því að aðstoðardómarar leiksins sem Þróttur sá um að útvega hafi ekki haft tilskilin réttindi auk þess sem þeir voru ungir að árum.

Knattspyrnudeild Þróttar harmar mjög að þau mistök hafi átt sér stað að réttindalausir drengir hafi verið aðstoðardómararar en fyrrgreindir drengir hafa dæmt fjöldann allan af leikjum fyrir Þrótt og töldust því hafa reynsluna í að starfa sem aðstoðardómararar í fyrrgreindum leik.

Knattspyrnudeild Þróttar neitar því hins vegar að þjálfari Hauka, Salih Heimir Porca, hafi gert athugasemd um aðstoðardómara leiksins fyrir leik eða í hálfleik. Þjálfari Hauka gerði athugasemd eftir að leik lauk, um aldur og réttindi aðstoðardómaranna. Þjálfari Hauka var ósáttur við að tapa leiknum þar sem Haukastúlkur höfðu minnkað muninn í 3-2 eftir að Þróttur hafði leitt leikinn 3-0.

Forsvarsmenn knattspyrnudeildar Þróttar sem viðstaddir voru á leiknum urðu vitni að því að þjálfari Hauka var svektur með tapið og hóf þá að gera athugasemdir um dómgæslu leiksins.

Rök knattspyrnudeildar Þróttar: Knattspyrnudeild Þróttar ber fyrir sér reglugerð KSÍ um knattspyrnumót en þar segir í 4. grein, tölulið 4.1 „Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks,

keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, boltastærð eða annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af fararstjórn eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrot.“

Samkvæmt þessari grein reglugerðarinnar hefðu forsvarsmenn Hauka eða þjálfari átt að leggja fram athugasemd við forsvarsmenn Þróttar áður en leikur hefst. Knattspyrnudeild Þróttar fullyrðir að ekki hafi það verið gert og fer því fram á að kæru knattspyrnudeildar Hauka á hendur henni verði vísað frá. Knattspyrnudeild Þróttar bendir einnig á að ef leiksskýrslur úr leikjum í 1.deild kvenna í sumar eru skoðaðar og kennitölur aðstoðardómara kannaðar þá er því miður alltof oft ungir og réttindalausir aðstoðardómarar að störfum hjá félögunum sem tefla fram liði í deildinni.

f.h. Knattspyrnudeildar Þróttar
Formaður kvennaráðs Þróttar
Guðrún Inga Sívertsen

Úrskurður dómstóls KSÍ

Ár 2006, miðvikudaginn 23. ágúst, kl. 15.00 er dómþing í Knattspyrnudómstóli KSÍ háð af Hilmarí Gunnlaugssyni dómara að Lagarási 4, Egilsstöðum.

Fyrir er tekið:
Mál nr. 11/2006:
Haukar
gegn
Þrótti

Enginn er mættur í réttinn. Í málinu er kveðinn upp svofelldur

dómur

I.

Mál þetta var móttekið af skrifstofu KSÍ 8. ágúst 2006. Kærandi er knattspyrnudeild Hauka, kt. 700387-2837, Ásvöllum, Hafnarfirði. Kærði er Knattspyrnudeild Þróttar, kt. 550783-0299, Engjavegi 7, Reykjavík.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól KSÍ þann 8. ágúst sl. Greinargerð kærða barst 15. ágúst, málið var þingfest þann 18. ágúst og aðalmeðferð fór fram 22. ágúst. Sama dag var málið dómtekið.

Dómkröfur.

Kærandi krefst þess að úrslit leiks Þróttar og Hauka í 1. deild kvenna, A riðli, í Íslandsmóti, sem fram fór 1. ágúst 2006 verði felld úr gildi og dæmd 0-3, Haukum í vil. Til vara krefst kærandi þess að ákveðið verði að láta leikinn fara fram að nýju.

Kærði hefur mótmælt framkomnum kröfum kæranda og krefst þess að úrslit leiksins standi.

II.

Aðilar eru sammála um, að aðstoðardómarar leiks Þróttar og Hauka hafi verið 14 og 16 ára gamlir og réttindalausir.

Ágreiningur aðila lýtur að því, hvenær forsvarsmenn kæranda hafi komið athugasemdum á framfæri.

Í skýrslu dómara sem var send KSÍ eftir leikinn kemur fram að þjálfari kæranda hafi komið til dómara eftir leik og dómari í kjölfarið kannað með réttindi aðstoðardómaranna, sem kváðust hafa lært löggin en ekki vera með réttindi.

Dómari leiksins, Skúli Þór Sveinsson, kom fram sem vitni fyrir réttinum og staðfesti þar skýrslu sína. Þegar málatilbúnaður kæranda var borin undir dómara, um að kvartað hafi verið fyrir leik og í hálfleik, þá mótmælti dómari, sem er skráður hjá Fylgi, því og kvaðst einungis hafa fengið kvartanir eftir leikinn vegna aðstoðardómaranna. Fram kom hjá vitninu að aðstoðardómararnir hefðu mætt skömmu fyrir leik, eða um 10 mínútum áður en hann hófst.

Þjálfari kvennaliðs kæranda, Salih Heimir Þorca, kvaðst fyrst hafa litið aðstoðardómarana augum þegar liðin gengu inn á völlinn í upphafi leiks. Þá hafi hann þegar kallað til dómarsins hvort láta ætti börn vera á línunni, en engin viðbrögð fengið. Einnig kvaðst vitnið hafa rætt þetta við

aðstoðarþjálfara Þróttar og dómara í hálfleik. Vitnið kvaðst einungis hafa þakkað dómara fyrir leikinn eftir leik, en ekki rætt þá um aðstoðardómara.

Aðstoðarþjálfari Þróttar, Þorleifur Óskarsson, kom einnig fyrir réttinn sem vitni. Taldi hann að samtalið við þjálfara Hauka hafi átt sér stað eftir að leik lauk.

Auk framantaldra gáfu fyrirvarsmenn beggja liða skýrslu, sem samræmast framburði eigin þjálfara að því marki sem þær voru til frásagnar um atvik málsins. Ekki þykir ástæða til að reifa framburð þeirra hér.

Af hálfu kæranda er byggt á ákvæði 8. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnudómara, en þar segir meðal annars að aðstoðardómara í öllum deildarleikjum 1., 2. og 3. flokks **skulu undantekningarlaust hafa dómara réttindi**.

Einnig er vísað til reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, greinar 3.5. þar sem segir m.a. að heimalið skuli vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í 1. deild kvenna (riðlakeppni).

Við flutning málsins byggði kærandi á því að dómari ætti af sjálfsdáðum að ganga úr skugga um réttindi aðstoðardómara fyrir leik.

Af hálfu kærða er vísað til reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót grein 4.1. þar sem segir að öll mótmeili varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, boltastærð eða annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af fararstjórn eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrott.

III.

Niðurstaða.

Í máli þessu er óumdeilt að aðstoðardómara sem voru á ábyrgð kærða voru réttindalausir. Einnig verður að leggja til grundvallar framburð dómara leiksins sem nýtur stuðnings í framburði þjálfara kæranda, að aðstoðardómara hafi mætt seint til leiksins, eða um 10 mínútum áður en hann hófst.

Í grein 3.5.6. segir: "Hafi dómari eða aðstoðardómara með tilskilin réttindi ekki mætt til leiks innan 30 mínútna frá því að hann átti að hefjast, skal leik frestað og settur á að nýju á heimavelli aðkomuliðs, enda hafi verið boðað til leiksins með minnst 48 klst. fyrirvara. Þessi regla á því aðeins við um þau tilvik þegar heimalið ber ábyrgð á mætingu dómara og aðstoðardómara, samanber 3. málsgrein."

Áður hefur verið vikið að því að aðstoðardómara mættu seint og telja verður að meta megi það afsakanlegt að ekki hafi verið gerðar formlegar athugasemdir um hina ungu aðstoðardómara fyrir leik, þegar þjálfari og fyrirvarsmenn liðanna fengu þá ekki litið augum fyrr en rétt áður en leikur hófst. Regla 4.1.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er hins vegar afar skýr þegar kemur að mati á því hvaða athugasemdum verður að koma á framfæri fyrir leik. Kærandi hefði því getað komið almennum athugasemdum á framfæri við dómara þegar 30 mínútur voru til leiks um að aðstoðardómara með tilskilin réttindi væru ekki mættir, óháð réttindaleyzi þeirra aðstoðardómara sem síðar mættu. Verður ekki annað séð, en að dómari hefði þá getað ákveðið að fresta leik, ef slíkar athugasemdir hefðu komið fram. Gegn andmælum dómara leiksins verður ekki fallist á, að kæranda hafi tekist sönnun á því að athugasemdum hafi verið komið á framfæri fyrir leik. Verður því ekki fallist á kröfu kæranda.

Úrslit leiks Þróttar og Hauka í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna sem fram fór 1. ágúst 2006 skulu standa óhöggð.

Hilmar Gunnlaugsson, dómari í Knattspyrnudómstól KSÍ, kveður upp dóm þennan.

Áfrýjun Hauka

Með vísan í dóm, sem var uppkveðinn 23. ágúst 2006, mál nr. 11/2006, Haukar gegn Þrótti, er þessum dómi hér með áfrýjað til áfrýjunardómstóls KSÍ.

Kærandi lýsir því yfir að hann mótmeilir dómi sem röngum og í hróplegu ósamræmi við þá grein 3.5.6. sem þó er vitnað til í niðurstöðu dómsins en þar segir: "Hafi dómari eða aðstoðardómara með tilskilin réttindi ekki mætt til leiks innan 30 mínútna frá því að hann átti að hefjast, skal leik frestað og settur á að nýju á heimavelli aðkomuliðs, enda hafi verið boðað til leiksins með minnst 48 klst. fyrirvara. Þessi regla á því aðeins við um þau tilvik þegar heimalið ber ábyrgð á mætingu dómara og aðstoðardómara, samanber 3. málsgrein."

Óumdeilt er að aðstoðardómarar sem voru á ábyrgð kærða voru réttindalausir, 14 og 16 ára gamlir eins og fram kemur í dómnum. Einnig að aðstoðardómarar hafi mætt seint til leiksins, eða um 10 mínútum áður en hann hófst. Samkvæmt áður nefndri grein 3.5.6. bar dómara leiksins að fresta leiknum og setja á að nýju á heimavelli aðkomuliðs.

Aðstoðardómarar mættu seint og því óhægt um vik að gera athugasemdir fyrir aðkomulið eða eins og segir í dómnum: "Telja verður að meta megi það afsakanlegt að ekki hafi verið gerðar formlegar athugasemdir um hina ungu aðstoðardómara fyrir leik, þegar þjálfari og fyrirsvarsmenn liðanna fengu þá ekki litið augum fyrr en rétt áður en leikur hófst. Regla 4.1.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er hins vegar afar skýr þegar kemur að mati á því hvaða athugasemdum verður að koma á framfæri fyrir leik.

Kærandi hefði því getað komið almennum athugasemdum á framfæri við dómara þegar 30 mínútur voru til leiks um að aðstoðardómarar með tilskilin réttindi væru ekki mættir, óháð réttindaleyssi þeirra aðstoðardómara sem síðar mættu. Verður ekki annað séð, en að dómari hefði þá getað ákveðið að fresta leik, ef slíkar athugasemdir hefður komið fram. Gegn andmælum dómara leiksins verður ekki fallist á, að kæranda hafi tekist sönnun á því að athugasemdum hafi verið komið á framfæri fyrir leik. Verður því ekki fallist á kröfu kæranda."

Regla 4.1.1. segir "Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, boltastærð eða annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af fararstjórn eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbot." Þetta gerði bæði forsvarsmáður og þjálfari kæranda. Dómari fer hins vegar með rangt mál þegar hann vill ekki kannast við það. Það er ákaflega dapurt. Við dómara leiksins var þetta mál hins vegar ekkert rætt eftir leik, hvorki af forsvarsmanni né þjálfara kæranda.

Kærandi er því ákaflega ósáttur með málsmeðferð og niðurstöðu Dómstóls KSÍ og telur dóminn rangan. Honum er því áfrýjað til Áfrýjunardómstóls KSÍ.

Venju samkvæmt hafa menn gengið út frá að aðstoðardómarar á leikjum í 1. deild kvenna séu með dómara réttindi. Það hafa komið tilvik upp í sumar þar sem aðstoðardómarar eru að minnsta kosti með réttindi unglingadómara og hefur það verið látið óátalið. Þegar rétt fyrir leik birtast með dómara leiksins "börn" sem aðstoðardómarar í 1. deild kvenna án nokkurra réttinda er mælirinn einfaldlega fullur.

Hvar er virðing KSÍ fyrir kvennaknattspyrnu og jafnrétti kynjanna? Hvers vegna útvegar KSÍ ekki dómara tríó á 1. deild kvenna eins og gert er í 1. deild karla? Hvað með eftirlitsdómara á 1. deild kvenna eins og er hjá 1. deild karla? Hver er jafnréttisstefna KSÍ í þessum efnum?

Hvað með skyldur dómara leiksins þegar liggur fyrir að aðstoðardómarar voru ekki mættir fyrr en rétt fyrir leik með vísan í grein 3.5.6.: "Hafi dómari eða aðstoðardómarar með tilskilin réttindi ekki mætt til leiks innan 30 mínútna frá því að hann átti að hefjast, skal leik frestað og settur á að nýju á heimavelli aðkomuliðs.?"

Með vísan í framangreint fer kærandi fram á að kærða/þrótti verður dæmdur ofangreindur leikur tapaður og til vara að leikurinn verði leikinn að nýju.

Einkum er lögð áhersla á í þessu sambandi á 8. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnudómara þar sem segir að aðstoðardómarar í öllum deildarleikjum og bikarkeppnum KSÍ, í landsmótum 1. 2. og 3. flokks, úrslitaleikjum 1. 2. 3. og 4. flokks og leikjum við erlend lið skulu undantekningalaust hafa dómara réttindi. Hvorki verður séð að aðili geti fyrir tómlæti tapað rétti sínum til þess að dómari með réttindi dæmi leik né að aðilar geti samið sig frá þessu fortakslausa ákvæði.

Það er og ámælisvert hversu langan tíma Dómstóll KSÍ tók sér til að afgreiða kæru Hauka sem dagsett var 8. ágúst 2006. Minnt er á að mótanefnd KSÍ hefur sett á úrslitakeppni 1. deildar kvenna 26. ágúst 2006. Það er því nauðsynlegt að dómur í þessu áfrýjunarmáli verði kveðinn upp án tafar en hinum fyrirhugaða leik frestað ella.

Að öðru leyti er vísað í kæru sem send var Dómstóli KSÍ og gögn sem henni fylgdu og vísað var til.

F.h. knattspyrnudeildar Hauka
Formaður meistaraflokks Hauka
Valborg Kjærbech Óskarsdóttir

Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ

Ár 2006, mánudaginn 21. september kl. 17:30 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Sigurðar G. Guðjónssonar Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, af Sigurði G. Guðjónssyni, Guðmundi Péturssyni og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni.

Fyrir er tekið
mál nr. 6/2006:

Haukar
gegn
Þrótti.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

dómur.

I.

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Guðmundur Pétursson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson. Hinn áfrýjaða dóm kvað upp Hilmar Gunnlaugsson dómari dómstóls Knattspyrnusambands Íslands þann 23. ágúst 2006.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu þann 25. ágúst 2006 og gerir þær kröfur:

Aðallega að dæmt verði að stefndi hafi tapað leik áfrýjanda og stefnda sem fram fór þann 1. ágúst 2006 í 1. deild Íslandsmóts meistaraflokk kvenna þann 1. ágúst síðast liðinn.

Til vara að dæmt verði að leikurinn skuli leikinn á ný.

Stefndi hefur ekki látið málið til sín taka fyrir áfrýjunardómstólnum þrátt fyrir að vera boðaður.

II.

Ágreiningslaust er að stefnda bar skylda til að útvega aðstoðardómara til dómgæslu á leik áfrýjanda og stefnda í 1. deild Íslandsmóts meistaraflokk kvenna, sem fram fór þann 1. ágúst síðast liðinn á Valbjarnarvelli og hófst kl.20:00. Að öðru leyti hvíldi ábyrgðin á því að til leiksins mætti dómari með réttindi á herðum KSÍ.

Ágreiningslaust er að stefndi útvegaði ekki aðstoðardómara með réttindi á framangreindan leik. Þá verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að þeir aðstoðardómarar sem stefndi útvegaði hafi mætt til starfans þegar um 10 mínútur voru leiks.

Samkvæmt 4. kafla reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót grein 4.1 skulu mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, boltastærð eða annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins, borinn fram við dómara fyrir leik af fararstjóra eða fyrirliða. Að öðrum kosti teljast leikaðilar hafa fyrirgert rétti sínum til að kæra slík brot, sem nefnd eru ástandsbrott í tilvitnuðu ákvæði.

Ágreiningur er um það með áfrýjanda og stefnda hvenær áfrýjandi hafði uppi mótmæli vegna aðstoðardómaranna við dómara leiksins. Samkvæmt framburði dómarans fyrir dómstóli Knattspyrnusambands Íslands þegar mál áfrýjanda og stefnda var þar til meðferðar kveður hann þjálfara áfrýjanda fyrst hafa haft uppi athugasemdir um réttindaleyfi aðstoðardómaranna eftir að leik áfrýjanda og stefnda lauk. Leikskýrsla leiksins, sem undirrituð er af forsvarsmönnum beggja leikaðila, dómara og báðum aðstoðardómurum, geymir engar athugasemdir varðandi neitt þeirra atriða sem tilgreind eru í grein 4.1. Í áfrýjun kemur hins vegar fram að áfrýjanda var ljóst fyrir leik að vafi gat leikið á um réttindi aðstoðardómaranna. Bar honum að gera athugasemdir sínar þá.

Með vísan til þess sem að framan greinir og á grundvelli greinar 4.1. í 4. kafla reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans.

Dómsorð

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur. Úrslit í leik Þróttar og Hauka í 1. deild Íslandsmóts meistaraflokks kvenna í knattspyrnu sem fram fór þann 1. ágúst 2006 skulu standa óhögguð.

Sigurður G. Guðjónsson
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
Guðmundur Pétursson

